

1. júlí 1977.

413

Nr. 265.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

I. KAFLI.

Starfssvæði og markmið samþykktar.

1. gr.

Starfssvæði húsagerðarsamþykktarinnar er Borgarfjarðar- og Mýrasýsla.

2. gr.

Markmið samþykktarinnar er að efla byggingarframkvæmdir á starfssvæðinu og stuðla að því, að byggingar verði vandaðar, hagkvæmar, smekklegar og ódýrar.

Til þess að vinna að þessu markmiði ræður búnaðarsambandið til sín eða aðstoðar við ráðningu flokks eða flokka byggingarmanna, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni, og leggur þeim til fullkomnar vélar og tæki til vinnunnar. Að framkvæmdum þessum skal staðið, svo sem fyrir er mælt í samþykkt þessari.

Vinnuflokkar þeir, sem hér um ræðir skulu vinna að eftirtöldum verkefnum:

1. Byggingu íbúðarhúsa.
2. Byggingu hvers konar peningshúsa ásamt tilheyrandi fóðurgeymslum og áburðargeymslum.
3. Byggingu hvers konar geymsluhúsa fyrir landbúnaðarvélar og verkfæri og framleiðslu- og rekstrarvörur bænda.

Byggingar skulu afhentar verkkaupanda á því byggingarstigi, sem um er samið hverju sinni. Að jafnaði skal þó við það miðað, að bygging sé foheld, þegar henni er skilað, en íbúðarhúsum skal ekki skilað síðar en á því byggingarstigi.

II. KAFLI.

Stjórn og tilhögun framkvæmda.

3. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins annast, með aðstoð Byggingarstofnunar landbúnaðarins, alla stjórn þeirra mála, sem um ræðir í samþykkt þessari. Hún ákveður, í samráði við forstjóra Byggingarstofnunar landbúnaðarins, kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum, enda hafi hann haft samráð við stjórn Búnaðarfélags Íslands um fjölda þeirra eininga, er kaupa þarf.

Stjórn sambandsins ræður verkstjóra, vinnuflokka og aðra starfsmenn, ákveður launakjör þeirra og hefur eftirlit með störfum þeirra. Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um ræðir í 2. gr., skulu ráðnir í samráði við forstjóra Byggingarstofnunar landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra.

Stjórn búnaðarsambandsins samþykkir alla verktökusamninga fyrir hönd sambandsins samkvæmt samþykkt þessari og eru þeir skuldbindandi fyrir sambandið. Hún ræður verkstjóra, vinnuflokka og aðra starfsmenn, ákveður launakjör þeirra og hefur eftirlit með störfum þeirra.

4. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að fela framkvæmdastjóra sambandsins að annast daglegan rekstur samkvæmt samþykkt þessari. Ráða má sérstakan framkvæmdastjóra í samráði við Byggingarstofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands, og skal hann hafa full réttindi húsameistara. Þó má ráða annan mann sé annars ekki kostur, enda fullnægi hann skilyrðum skv. 14. gr. reglugerðar nr. 88 frá 13. maí 1947. Stjórn sambandsins selur honum erindisbréf varðandi störf hans.

5. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að taka að sér útvegum efnis til bygginga, sem vinnuflokkar hennar vinna við, sé þess óskað af verkkaupanda. Verkkaupandi skal þá greiða 1% af andvirði efnisins í Húsagerðarsjóð Bsb. Borg, samanber 13. gr.

6. gr.

Byggingar, sem reistar eru samkvæmt samþykkt þessari skulu gerðar eftir teikningum, sem samþykktar eru af Byggingarstofnun landbúnaðarins. Rísi ágreiningur um teikningar þær, er fyrir liggja, getur kostnaðarmaður byggingar skotið þeim ágreiningi til Búnaðarfélags Íslands, er fellir fullnaðarúrskurð um hann.

Stjórn búnaðarsambandsins eða framkvæmdastjóri skal, áður en framkvæmd hefst, ganga úr skugga um, að slíkt samþykki liggja fyrir. Þá skal þess einnig gætt, að fyrir liggja samþykki hlutaðeigandi byggingaryfirvalda á staðsetningu húsa og teikningar af þeim hluta byggingarframkvæmdar, er verksamningur nær til.

7. gr.

Verkkaupandi skal sjá um að nægilegt magn af nothæfu byggingarefni sé fyrir hendi á byggingarstað og jafnan meðan á byggingarframkvæmd stendur. Nánar skal ákveðið í verksamningi um þessa skyldu verkkaupanda og viðurlög, ef vanefndir verða til þess, að vinna tefst vegna efnisskorts. Stjórn eða framkvæmdastjóri skal ganga úr skugga um að við þetta atriði verksamnings hafi verið staðið á fullnægjandi hátt, áður en vinnuflokkur er fluttur á vinnustað, svo og að öðrum undirbúningi verksins, sem verkkaupanda ber samkvæmt verksamningi að annast, sé lokið.

8. gr.

Áður en vinna hefst við byggingu skal gerður samningur við verkkaupanda um framkvæmdina, og greiðslur hans á kostnaði við verkið. Verkkaupandi skal setja tryggingu, er stjórnin telur fullnægjandi, fyrir skilvísri greiðslu á kostnaði, sem sambandið hefur af framkvæmdinni. Til kostnaðar við verkið telst:

- a) Allur beinn kostnaður, sem sambandið greiðir vegna hvernar byggingar.
- b) Hluti sameiginlegs reksturskostnaðar, sem skipt er eftir reglum, sem stjórnin setur í samráði við forstjóra Byggingarstofnunar landbúnaðarins. Til slíks kostnaðar telst meðal annars:
 1. Viðhalds- og fyrningargjald af veggjamótum og öðrum tækjum, skv. lögum nr. 7 frá 1945.
 2. Flutningar milli vinnustaða.
 3. Verkstjórnar- og stjórnarkostnaður.
 4. Lánatökukostnaður og vextir af skuldum.
 5. 1/2% af framkvæmdakostnaði (öðrum en efniskostnaði).

9. gr.

Sambandið hefur forgangsröfu í framlög, sem greidd eru af almannafé út á byggingar, er byggðar eru samkvæmt þessari samþykkt, til lúkningar skuldum verkkaupanda vegna byggingarkostnaðar.

10. gr.

Nú hefur landnámsstjórn ríkisins heitið styrk til húsagerðar, er sambandið tekur að sér samkvæmt þessari samþykkt, og á það þá kröfu til að fá styrkinn greiddan, þegar verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærrí fjárhæð en svarar vinnulaunum við að gera húsið fohelt.

11. gr.

Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsambandið vegna byggingarkostnaðar samkvæmt samþykkt þessari, eru forgangsskuldir tryggðar með veði í jörð þeirri, sem framkvæmdin hefur verið gerð á, næst á eftir þeim lánum, sem á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum og fylgifyrirköfum, ef um óðalsjörð er að ræða. Skuldir þessar má taka lögtaki.

12. gr.

Stjórninni er heimilt að taka rekstrarlán með tryggingu í Húsagerðarsjóði og í tekjum og kröfum, er stafa frá byggingarframkvæmdum, sem sambandið vinnur að eða hefur unnið að, samkvæmt þessari samþykkt.

III. KAFLI.**Húsagerðarsjóður og starfsemi hans.****13. gr.**

Búnaðarsambandið stofnar sjóð, sem kallast Húsagerðarsjóður Búnaðarsambands Borgarfjarðar (B.s.B.) með framlagi að upphæð allt að kr. 1 500 000.00. Sjóður þessi skal styðja starfsemi samkvæmt þessari samþykkt, og er óheimilt að verja fé hans til nokkurs annars. Til þess að greiðsla úr sjóðnum sé heimil, þarf hún að vera samþykkt af aðalfundi.

14. gr.

Tekjur Húsagerðarsjóðs B.s.B. eru:

1. Styrkir til áhaldakaupa samkvæmt gildandi lögum.
2. 1,0% af verði byggigarefnis, sem sambandið annast um kaup á samkvæmt 5. gr.
3. ½% af öðrum byggingarkostnaði, er stafar af framkvæmdum undir verkstjórn starfsmanna sambandsins, samanber 8. gr., tölulið 5.
4. Aðrar tekjur.

IV. KAFLI.**Samning árlegrar starfsáætlunar.****15. gr.**

Bændur á sambandssvæðinu skulu fyrir 1. desember ár hvert, senda stjórn sambandsins beiðni um verk, sem þeir óska að sambandið leysi af hendi samkvæmt samþykkt þessari á jörðum þeirra á næsta ári. Með beiðni skulu fylgja upplýsingar um, hverrar tegundar og hve stór fyrirhuguð bygging er, og úr hvaða efni hún skuli byggð. Stjórn sambandsins getur krafist, ef þurfa þykir, að aðaltekning af fyrirhugaðri byggingu fylgi verkbeiðni.

16. gr.

Stjórn sambandsins skal í desember ár hvert, að fengnum verkbeiðnum samkvæmt 15. gr., semja starfs- og rekstursáætlun fyrir næsta starfsár. Við samningu starfsáætlunar skal gætt eftirtalinnna atriða:

1. Að jarðir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar sitji fyrir eftir því sem unnt er, þó að því athuguðu að ekki valdi óhæfilegum aukakostnaði í flutningi verkfæra og vinnuflokka.

2. Að röðun verkefna sé hagað á þann hátt, sem hagkvæmastur er með tilliti til flutninga á vinnuflokkum. Sjá þó tölulíð 1.
3. Að byggingarframkvæmdir séu sem best skipulagðar hvað alla framkvæmd snertir.
4. Að allt byggingarefni sé sem vandaðast eftir öllum aðstæðum.
5. Að öll vinna sé vel af hendi leyst, og vönduð eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI.

Um reikningshald og endurskoðun.

17. gr.

Reikningsár samþykktarinnar skal vera almanaksárið.

18. gr.

Endurskoðendur búnaðarsambandsins skulu endurskoða reikninga samþykktarinnar. Þeir skulu sannprófa reikningana, kynna sér reksturinn sem best og hafa eftirlit með starfrækslu fyrirtækisins í hvívetna.

19. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi búnaðarsambandsins. Þar gefur stjórnin skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VI. KAFLI

Um breytingu samþykktar og hvornig samþykkt verður úr gildi felld.

20. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, skulu sendar búnaðarfélagum til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með atkvæðum að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ hlutum atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

21. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meirihluta samþykktaraðila liggja fyrir um að tilgangi samþykktarinnar verði ekki náð, og lög-mætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

22. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almennt lögreglumál og geta þau varðað sektum frá 1.000 til 100.000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

23. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júlí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.